

178. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 16. nóvember 2021 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri, Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri og Ella María Gunnarsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1

. 2110174 - Stafræn húsnæðisáætlun

Ella María Gunnarsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu bæjarstjóra kynnir gerð húsnæðisáætlunar Akraneskaupstaðar.

Sameiginleg kynning með velferðar- og mannréttindaráði.

Skóla- og frístundaráð þakkar Ellu Maríu fyrir góða kynningu á starfrænni húsnæðisáætlun.

2

. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025

Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri fjármáladeildar kynnir gerð fjárhagsáætlunar.

Skóla- og frístundaráð þakkar Kristjönu Helgu fyrir skýra og góða yfirferð yfir vinnu við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að fylgja eftir umræðu fundarins.

3

. 2002322 - Námsleyfi í leikskólum

Úthlutun fjármagns til leikskóla vegna starfsmanna sem sækja nám í leikskólafræðum með vinnu.

Skóla- og frístundaráð samþykkir úthlutun samkvæmt eftirfarandi:

Samtals úthlutað haust 2021 kr. 714.619.-

Akrasel kr. 55.141

Teigasel kr 363.852

Vallarsel kr. 295.626

4

. 2110158 - Atvinnutengt nám - endurskoðun

Kynning á endurskoðuðu fyrirkomulagi atvinnutengds náms fyrir nemendur á unglingastigi.

5

. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun

Kynning á stöðu vinnu við mótun menntastefnu Akraneskaupstaðar.

6

. 2107508 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar 2021 vegna Covid-19

Aðstæður á stofnunum skóla- og frístundasviðs vegna Covid - 19.

7

. 2109023 - Bæjarstjórn unga fólksins 2021

Fyrirhugað var að halda bæjarstjórnarfund unga fólksins þriðjudaginn 16. nóvember en vegna Covid- 19 smita þurfti að fresta þeim fundi. Ákvörðun um nýja dagsetningu.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að leggja til að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði 18. janúar 2022 kl. 17.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.